

REGLUGERÐ

um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.

1. gr.

Gildissvið og leyfisbinding.

Um alla öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsgögnar fer samkvæmt reglugerð þessari. Enginn má stunda öflun á sjávargróðri í atvinnuskyni frá skipi þ.m.t. sláttupramma (pramma) nema hafa fengið til þess almennt leyfi sem Fiskistofa veitir á skipi.

Um aðgang að netlögum sjávarjarða til sláttar á þangi fer samkvæmt samkomulagi við ábúanda eða landeiganda hverju sinni. Skylt er að veita Fiskistofu aðgang að slíku samkomulagi eða samningi, verði eftir því leitað, í þágu aflaskráningar.

2. gr.

Pangsláttur.

Gæta skal þess að festa plantna skaðist ekki við þangslátt og skulu skip, þ.m.t. sláttuprammar (prammar), sem stunda slátt á klóþangi vera þeirrar gerðar að komið sé í veg fyrir að festa rifni frá botni. Hlutfall plantna sem festan fylgir skal ekki vera hærra en áætlað 8%. Stilkur plöntunnar, sem eftir standur skal að jafnaði ekki vera lægri en 25 sm mælt frá festunni.

Óheimilt er að stunda slátt á svæði þegar færri en fern áramót eru liðin síðan svæðið var slegið síðast. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá þessu.

3. gr.

Paratekja.

Ráðherra skal, eftir því sem ástæða er til, hafa viðvarandi könnun á því hvort ástæða sé til að skipta nýtingarsvæðum sjávargróðurs utan netlaga sjávarjarða í afmörkuð svæði eða reinar til að takmarka og vakta nýtinguna, sbr. 15. gr. b. í lögum um stjórni fiskveiða.

4. gr.

Eftirlit, skráningar o.fl.

Um færslu afladagbókar fer samkvæmt reglugerð um afladagbækur. Við vigtun og skráningu á sjávargróðri gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarrafla.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með slætti og nýtingu hafa veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfishöfum skyld að gera þessum aðilum kleift að framkvæma athuganir á búnaði og aðstöðu.

5. gr.

Viðurlög o.fl.

Brot á reglugerð þessari varða sviptingu veiðileyfis skv. 15. og 19. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar.

Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi skv. 1. gr. sé talin ástæða til að takmarka öflun sjávargróðurs eða endurskipuleggja stjórnum hennar.

Brot gegn reglugerðinni geta varðað refsingu samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Nr. 90

8. janúar 2018

6. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. janúar 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Arnór Snæbjörnsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. janúar 2018